

**218. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 4. júlí 2023 og hófst hann kl. 10:30.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri, Kristjana H. Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Heildarstefna ásamt innleiðingaráætlun lögð fram til kynningar.

Stýrihópur skipaður kjörnum fulltrúum ásamt starfsfólki Akraneskaupstaðar hefur staðið að vinnunni með aðstoð KPMG. Hópurinn tók til starfa í desember 2022 og skilaði af sér í maí 2023.

Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri stitur fundinn undir þessum lið.

*Valdís fór yfir greinargerð um stefnumótun Akraneskaupstaðar. Skóla- og frístundaráð þakkar góða vinnu og greinargóða kynningu.*

Valdís vikur af fundi.

**2. 2303108 - Mánaðaryfirlit 2023**

Yfirlit fjárhagsstöðu fyrstu fjóra mánuði ársins.

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála og launa situr fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frísundaráð þakkar Kristjönu fyrir góða yfirferð.*

Kristjana vikur af fundi.

**3. 2212064 - Erindi frá Sundfélagi Akraness**

Erindi frá Sundfélagi Akraness varðandi æfingartíma í Jaðarsbakkalaug á haustönn 2023. Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð felur forstöðumanni íþróttamannvirkja í samstarfi við framkvæmdarstjóra Sundfélags Akraness að finna farsæla lausn á nýtingu sundlaugarinnar á Jaðarsbökkum sem hentar bæði iðkendum félagsins og öðrum notendum sundlaugarinnar.*

Daníel vikur af fundi.

**4. 2304021 - Starfshópur um framtíðarpörf leikskólaplássu á Akranesi**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. mars sl. að stofna starfshóp til að meta stöðuna og vinna tillögur að mögulegum lausnum í húsnæðismálum leikskóla á Akranesi. Hópnum var falið að gera þarfagreiningu á stöðunni í dag og leggja fram áfangaskiptar tillögu að lausnum til lengri og skemmri tíma.

Starfshópurinn hefur lokið vinnu sinni og skilað inn minnisblaði með tillögum o.fl.

*Lagt fram til kynningar. Skóla- og frístundaráð tekur undir bókun bæjarráðs um að starfshópurinn haldi áfram vinnu sinni eftir sumarleyfi.*

**5. 2203198 - Brekkubæjarskóli - endurbætur 1. hæðar**

Minnisblað eftir skoðun á kennslueldhúsi lagt fyrir. Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði fylgir málinu eftir.

*Lagt fram til kynningar. Skóla- og frístundaráð tekur undir bókun skipulags- og umhverfisráðs um að kennslueldhús verði hluti af 1. áfanga framkvæmdar vegna endurbóta á 1. hæð Brekkubæjarskóla.*

Ásbjörn víkur af fundi.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00.**